



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 8. október 2020

2010014SA KB/agb
Málalykill: 01.50

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um opinberan stuðning við nýsköpun, sbr. mál nr. 202/2020 í samráðsgátt

Í 1. gr. frumvarpsins er markmið fyrirhugaðra laga skilgreint mjög breitt. Markmiðið á að vera að efla opinberan stuðning við nýsköpun á landinu með **sveigjanlegu stuðningskerfi**, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila og áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni.

Aðrar efnisgreinar frumvarpsins svara hins vegar engan veginn þessari breiðu markmiðslýsingu þar sem þær snúa eingöngu að stofnun nýsköpunargarða sem eiga að annast rekstur rannsókn- og tækniseturs í **hátækni, verkfræði, raunvísindum og skyldum greinum**.

Sambandið gerir ekki athugasemdir við þá fyrirætlan að stofna nýsköpunargarða á grunni Nýsköpunarmiðstöðvar en bendir á að þótt nýsköpun í hátækni, verkfræði og raunvísindum séu vissulega mjög mikilvæg nýsköpunarsvið þá þarf einnig að styðja við nýsköpun á öðrum sviðum, s.s. sem á sviðum skapandi greina, matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu, sem og í starfsemi opinberra stofnana ríkis og sveitarfélaga. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir nýsköpun á landsbyggðinni. Gerir sambandið sérstaka athugasemd við að ekkert sé vikið að úrræðum fyrir landsbyggðina í frumvarpinu með tilliti til þess að hún er sérstaklega tilgreind sem áherslusvið í markmiðslýsingunni í 1. gr. Sambandið telur engan veginn fullnægjandi að vísa í greinargerð með frumvarpinu til hugsanlegra úrræða fyrir landsbyggðina.

Þá telur sambandið að nýsköpunargarðar einir og sér geti ekki talist fullnægja markmiði 1. gr. um sveigjanlegt stuðningskerfi. Ekki er kveðið á um nein önnur stuðningsúrræði í efnisákvæðum frumvarpsins. Ákvæði 10. gr. um heimildir ráðherra til „að gera samninga við aðra opinbera aðila eða einkaaðila um framkvæmda ýmissa verkefna á sviði nýsköpunar“ dugir ekki til að svara markmiðslýsingu frumvarpsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri